

Grímsvötn - staða 2. nóvember 2010 kl. 16:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Þórunni Skaftadóttur, Agli Axelssyni, Rikke Pedersen og Gunnari B. Guðmundssyni.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnamælingum og GPS mælum.

Bræðsluvatn: Enn eykst rennsli úr Grímsvötnum en þó virðist sem dregið hafi úr vaxtarhraðanum. Rennsli var mælt í Gígjukvísl kl. 9:30 í morgun og gaf mælingin 1200 m³/s. Rafleiðni hefur hækkað ásamt auknu rennsli eða í um 500 µS/cm. Aukin rafleiðni í Súlu bendir til þess að þar sé farið að renna jarðhitavatn, en ekki mikið.

Órói: Hátíðni hlaupóróinn heldur áfram að vaxa á jarðskjálftastöðinni á Grímsfjalli (grf) . Óróinn líkist ennþá mjög hlaupóróanum sem var 2004.

Jarðskjálftar: Í gærkvöldi mældust tveir jarðskjálftar undir Grímsvötnum. Annar kl. 18:50 en hinn kl. 20:59. Í dag hafa mælst tveir skjálftar, kl. 06:06 og kl. 06:42. Stærð skjálftanna er á stærðarbilinu 1,2 til 1,5. Í nótt mældist einn ísskjálfti í vestanverðum Skeiðarárjökli..

GPS-aflögun: Engin breyting. Sjá minnisblað frá 1. nóvember 2010.

Heildarmat: Vatnsrennsli heldur áfram að vaxa í Gígjukvísl. Rafleiðni hefur aukist töluvert. Það bendir til þess að jarðhitavatn sé í ánni. Aukin rafleiðni mælist í Súlukvísl. Hlaupórói eykst á skjálftamælum. Engin merki um gosóróa sjást. Vel er fylgst með framvindunni.